



Snjóskil í fjöllum í Staðarsveit



Í byrjun árs náði Ragnhildur Sigurðardóttir, íbúi á Álftavatni í Snæfellsbæ, þessari mögnuðu mynd af snjóröndinni í fjöllum við sveitina. Á myndinni má sjá Ausugil, Hólsfjall og Leysingjahamar með greinileg skil eftir miðjum fjöllum. Oft má sjá snjó í toppi fjallanna en nú hefur hlutunum verið snúið við

og eru tindarnir nánast hreinir á meðan fjallshlíðin er snævi þakin. Ætla má að í ákveðinni lofthæð hafi snjórinn breyst í rigningu og í vindasömu veðrinu í Staðarsveit hafi þurr snjórinn á fjallstoppinum fokið burt á meðan þungur rigningarblautur snjórinn í hlíðinni sat sem fastast. Slík er sjaldséð en Ragnhildur segist þakka

fyrir hvert kíló af þungum snjónum í norðanáttinni sem vill stundum kíkja í heimsókn í sveitina.

sj



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímapantanir í síma 436-1111

Nýárstónleikar karlakórsins Kára

Karлакórinn Kári fagnaði nýju ári með hátíðartónleikum þar sem flutt voru þjóðleg lög sem tilheyra áramótunum ásamt öðrum skemmtilegum slögurum. Sunnudaginn 15. janúar voru þeir með tónleika klukkan 17:00 í Grundarfjarðarkirkju og samdægurs í Ólafsvíkurkirkju klukkan 20:00. Fimmtudaginn 19. janúar verða þeir svo með tónleika í Stykkishólmskirkju klukkan 20:00.

Karлакórinn Kári er skipaður rúmlega 30 kórfélögum af Snæfellsnesi og var hann stofnaður árið 2008. Voru tónleikarnir í Grundarfirði og Ólafsvík einstaklega vel heppnaðir og metnaðarfullir og því óhætt að hvetja þá bæjarbúa sem misstu af viðburðinum að skella sér á tónleikana í Stykkishólmi á fimmtudaginn.

Myndina tók Björg Ágústsdóttir á tónleikunum í Grundarfirði.

jj



Skilafrestur í Jökul

Efni og auglýsingum í Jökul þarf að skila fyrir kl. 16, þriðjudag fyrir útgáfu.

Það er í lagi að skila fyrir.

Upplýsingar um auglýsingaverð á www.steinprent.is

Getraunir 1x2

Margir stuðningsmenn Víkings lögðu leið sína í Áttthagastofuna á laugardaginn var, til að fá sér kaffisopa og tippa nokkrar raðir í getraununum. Ítrekum að öllum er frjálst að mæta og fleiri sjónarmið í umræðum eftir því sem fleiri mæta. Árangur síðasta laugardags í getrauna giskinu var ekki í samræmi við væntingar, frekar en fyrri daginn, en þetta er jú leikur og megin markmiðið fjáröflun fyrir Víking. Vinningur, ef kemur, er bara bónus og það

sem hvetur okkur áfram. Æfingar og æfingaleikir er komið í fullan gang hjá Víking og þar með eykst kostnaður deildarinnar og því hjálp í því að kaupa nokkrar raðir því Víkingur fær ákveðin hlut af öllum seldum röðum hjá okkur. Við verðum alla laugardaga á meðan að boltinn rúllar í ensku deildinni á milli klukkan 11.00 og 12.00 í Áttthagastofunni og kaffi á könnunni.

Áfram Víkingur

Staða fjarskiptamála á Vesturlandi tekin út



Þorsteinn Gunnlaugsson hefur verið ráðinn til að gera úttekt á stöðu fjarskiptamála á Vesturlandi. Þorsteinn er ráðgjafi sem hefur síðastliðin 20 ár starfað bæði á Radiódeildum Símans og Vodafone og komið að rekstri og hönnun og stýrt uppbyggingu sjónvarps- og útvarpsdreifikerfa Stöðvar 2 og Ríkisútvarpsins um land allt. Í úttekt Þorsteins á stöðu fjarskiptamála á Vesturlandi mun hann skoða sérstaklega hvar eru gloppur í fjarskiptum, bæði á þjóðvegum og inn til sveita, hvernig fjarskiptafélögin hyggest leysa úr þessum vanda og hvernig stjórnvöld hyggest koma

áð þessari uppbyggingu. Úttektin mun bæði ná til stöðu á farnetsdekkningu sem og fasttengingu (ljósleiðara) til heimila og fyrirtækja á Vesturlandi. Er farið í þetta verkefni til að skerpa sýn á stöðu fjarskiptamála svo sveitarfélögin á Vesturlandi hafi sem bestar upplýsingar um stöðu þeirra og eigi möguleika á að kalla eftir úrbótum til að hægt sé að bæta búsetuskilyrði og tryggja öryggi íbúa og ferðamanna sem fara um Vesturland. Verkefnið er fjármagnað af Sóknaráætlun Vesturlands og er hluti af vinnu við innviðagreiningu fyrir Vesturland.

sj



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

HIÐ ÁRLEGA Þorrablot

verður haldið í Félagsheimilinu Klifi Ólafsvík
laugardaginn 28. janúar 2023.

Hinn eini sanni þorramatur, skemmtiatriði og ball.

Hljómsveitin Span leikur fyrir dansi.

Miðaverð kr. 12.500,-



Miðasala verður í Félagsheimilinu Klifi sem hér segir:

Sunnudaginn 22. janúar kl. 12:00 - 14:00

húsið opnað kl. 11:30, dregið verður um röð kaupenda.

Mánudaginn 23. janúar kl. 19:30 - 20:30

Þriðjudaginn 24. janúar kl. 19:30 - 20:30

ATH! Hámark miðafjölda á hvern einstakling er 12 stk.

ATH
ENGINN POSTI

Aukning í lönduðum aflu í höfnum Snæfellsbæjar

Í færslu á Facebooksíðu Hafna Snæfellsbæjar kemur fram að árið 2022 hafi verið mjög gott í öllum höfnum og komu tæp 40.000 tonn á land í 5.738 löndunum.

Á Arnarstapa komu 1.988 tonn á land í 1.066 löndunum. Í Ólafsvík komu 12.620 tonn á land í 2.621 löndunum. Einnig komu á land í Ólafsvík 4.257 tonn af olíu í 16 skipakomum og 4.230 tonn af salti í 3 skipakomum, samtals 8.487 tonn í 19 skipakomum. Í Rífi komu 25.275 tonn á land í 2.051 löndunum.

Til samanburðar koma hér tölur undanfarinna ára en á þeim sést að aukning hefur orðið í löndun í öllum höfnum Snæfellsbæjar frá fyrra ári, mest er þó aukningin í Rífhöfn þar sem magnaukningin á milli ára er 3.393 tonn og er árið 2022 stærsta árið af samanburðar-

		2017	2018	2019	2020	2021	2022
Arnarstapi	Magn kg.	1.576	2.036	1.281	1.784	1.649	1.988
	Fj. landan.	712	704	707	869	729	1.066
Ólafsvík	Magn kg.	12.393	14.835	14.413	15.011	12.009	12.620
	Fj. landan.	2.471	2.910	2.779	2.730	2.467	2.621
Rífi	Magn kg.	13.199	17.066	16.833	15.509	21.882	25.275
	Fj. landan.	1.783	2.014	1.814	1.632	2.000	2.051

árunum í lönduðum aflu. Í Ólafsvík varð aukning á milli ára en þó er aflamagnið talsvert minna en árin 2018 - 2020. Á Arnarstapa varð einnig aukning á milli ára og vantaði aðeins 48 tonn upp á að ná sama landaða magni og árið 2018 þegar mest var landað af árunum í samanburðartöflunni.

jó

Auglýsingaverð í Jökli

Heilsíða	35.000 +vsk
Hálfsíða.	25.000 +vsk
1/4 úr síðu	15.323 +vsk
1/8 úr síðu	12.500 +vsk
1/16 úr síðu	10.081 +vsk



Bifreiðaverkstæði Ægis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

Aflafréttir

Dagana 9. til 15. janúar komu alls á land í höfnum Snæfellsbæjar 720 tonn í 46 löndunum. Þar af komu 419 tonn á land í Rifshöfn í 21 löndun, 246 tonn í 21 löndun í Ólafsvíkurhöfn og 55 tonn í 4 löndunum á Arnarstapa. Hjá dragnóta bátunum landaði Steinunn SH 52 tonn í 2, Gunnar Bjarnason SH 32 tonn í 2, Magnús SH 25 tonn í 2, Egill SH 22 tonn í 2, Saxhamar SH 18 tonn í 2, Esjar SH 16 tonn í 2 og Guðmundur Jensson SH 9 tonn í 1 löndun. Hjá litlu línu bátunum landaðin Gullhólmi SH 50 tonn í 1, Stakkhamar SH 49 tonn í 5, Tryggvi Eðvarðs SH 47 tonn í 3, Kristinn HU 25 tonn í 3, Kvika SH 21 tonni í 2, Gísli Súrsson Gk 17 tonn í 1, Bíldsey SH 14 tonn í 1, Rán SH 13 tonn í 2, Sverrir SH 8 tonn í 2 og Brynja SH 7 tonn í 1 löndun. Hjá stóru línu bátunum landaði Örvar SH 82 tonn, Rifnes SH 63 tonn og Tjaldur SH 46 tonn allir í einni löndun. Tveir neta bátar lönduðu þessa daga Bárður SH



landaði 56 tonn í 3 löndunum og Ólafur Bjarnason SH 48 tonn í 5 löndunum.

þa



Laust starf við félagsstörf á hjúkrunarheimilinu Jaðri

Leitast er eftir jákvæðum einstaklingi til góðra samskipta í 50% starf á Dvalar- og hjúkrunarheimilið Jaðar í Ólafsvík.

Í starfinu felst skipulagning og umsjón með félagsstarfi fyrir íbúa heimilsins. Vinnutími samkomulagsatriði.

Umsóknarfrestur er til 31. janúar 2023. Umsóknareyðublað má finna á vefsíðu Snæfellsbæjar.

Laun eru greidd skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Frekari upplýsingar veitir Sigrún Erla Sveinsdóttir í síma 433 6933 eða á sigrun@snb.is.



Snæfellsbær | Klettsbúð 4 | 433 6900 | snb.is



Blaðinu barst þessi skemmtilega mynd sem tekin var í desember, staðsetning tunglsins er

þannig að það virðist hafa sest á topp trésins.

Gjaldskrá

vegna félagsheimilisins Rastar 2023

a) Dansleikur (stóri salur og kaffisalur - án STEF gjalda)		85.000
~ húsaleiga	kr.	50.000
~ þrif á húsinu	kr.	35.000
ATHUGA - leigutaki greiðir fyrir þá dyraverði sem þarf að hafa skv. reglum hússins		
ATHUGA - STEFgjöld eru greidd af leigutaka - reiknuð skv. Gjaldskrá STEF hverju sinni		
b) Helgarleiga - allt húsið (föstudagur - sunnudags) - t.d. ættarn kr.		135.000
c) Veislur - allt húsið, þ.m.t. eldhúsið	kr.	50.000
d) Veislur - kaffisalurinn og eldhúsið	kr.	25.000
e) Fundir - kaffisalur og stóri salur saman	kr.	40.000
f) Fundir - stóri salurinn	kr.	25.000
g) Erfidrykkjur	kr.	25.000
h) Fundir - kaffisalurinn	kr.	15.000
i) Fundir félagasamtaka	kr.	4.000
j) Minniháttar samkomur á vegum félagasamtaka	kr.	20.000
~ þetta á við um fjáraflanir þar sem félagasamtökin sjá sjálf um þrif, t.d. Páskabingó, jólabingó, o.s.frv.		
~ þetta á EKKI við um stærri viðburði eins og t.d. Sjómannadagshóf, þorrablót eða slíkt		

- * Húsinu skal skilað hreinu, eins og tekið var við því, og allt á sínum stað.
- * Leigutaki sér sjálfur um uppsetningu og röðun á borðum og stólum og skal raða þeim upp aftur á þann hátt sem tekið var við þeim áður en húsinu er skilað (sjá teikningu í eldhúsi).
- * Þrif eru ekki innifalín í leiguverði, nema f. dansleiki, en hægt er að kaupa þrif skv. neðangreindri gjaldskrá:

~ Þrif á kaffisal	kr.	20.000
~ Þrif á stóra salnum	kr.	35.000
- * Ef óskað er eftir því að nota ljósa- og/eða hljóðbúnað hússins, skal hafa samband við umsjónarmann sem útvegar fólk sem leigutaki greiðir fyrir skv. neðangreindri gjaldskrá:

~ Ljósa og hljóðmaður pr. klst.	kr.	10.000
---------------------------------	-----	--------

ATHUGIÐ! Gjaldið er pr klst og greiðist skv. skiluðum tímum ljósa- og hljóðmanns!
- * Hægt er að fá umsjónarmann til að sjá um kaffi á fundum og skal það gert um leið og húsið er pantað - að öðrum kosti er ekki gert ráð fyrir því að húsið sjái um veitingar.
~ Samið er um verð við umsjónarmann
- * Ef tónlist er höfð í húsinu þarf að greiða STEF gjöld. Röst er ábyrg fyrir greiðslu STEF gjalda og sér því um innheimtu á þeim hjá leigutaka.
Upphæð fer skv. gjaldskrá STEF hverju sinni og hægt er að nálgast hana á heimasíðu STEF.



Jafningjahittingur

Fundur var haldin í Stykkishólmi miðvikudaginn 11. janúar sl á vegum Krabbameinsfélags Snæfellsness í Setrinu en það er húsnæði eldri borgara í Stykkishólmi. Svanborg Tryggvadóttir sem er gjaldkeri í stjórn Krabbameinsfélagsins stjórnaði fundinum. Á fundinn kom úr Reykjavík Erna Magnúsdóttir forstöðumaður Ljössins sem er til húsa að Langholti 43. Í mjög fróðlegu erindi ásamt myndasýningu og umfjöllun sagði Erna frá starfsemi Ljössins. Í þessu erindi fjallaði hún m.a. um aðstandendur þeirra sem greinst hafa með krabbamein. Þá sagði Erna frá Landsbyggðardeild Ljössins sem ætluð er fólk sem býr á landsbyggðinni og er í krabbameinsmeðferð eða hefur lokið við krabbameinsmeðferð á undanförunum mánuðum.

Meginmarkmið Ljössins er að stuðla að bættri andlegri og líkamlegri líðan, efla félagslega virkni og viðhalda lífsgæðum krabbameinsgreindra. Einnig er

aðstandendum veitt fræðsla og stuðningur. Þá er hægt er kynna sér málið nánar á ljosisid.is.

Góð mæting var á fundinn og mörgum fyrirspurnum var beint til Ernu sem hún svaraði og margt athyglisvert kom fram hjá henni. Nú er í bígerð að koma á fót hér í Snæfellsæ jafningjahitting krabbameinsgreindra og aðstandenda þeirra en svona hittingur er komin á í Grundarfirði og er að byrja í Stykkishólmi. Verið er að svipast um eftir húsnæði í Snæfellsbæ til að koma saman og verður það auglýst nánar síðar. Þeir sem hafa áhuga á þessu máli hafi samband við Pétur Steinar Jóhannsson í síma 893-4718 eða í rafpósti psj@simnet.is og einnig Eygló Kristjánsdóttur í síma 898 7028 og rafpóst pegron@simnet.is.

Á meðfylgjandi mynd sem Pétur Steinar Jóhannsson tók eru Erna Magnúsdóttir og Svanborg Tryggvadóttir.

PSJ



Porrablótsundirbúningur á blússandi siglingu

Nú styttest í porrablótíð í Ólafsvík sem haldið verður 28. janúar næstkomandi. Galvaskur hópur fólks úr félögum og klúbbum hefur komið saman síðustu mánuði og unnið við skipulag blótsins en loksins er hægt að blóta þorr-

ann almennilega eftir pásu síðan 2020. Undirbúningurinn er að ná hámarki og af nógu að taka eftir viðburðarík ár í Snæfellsbæ. Meðfylgjandi myndir voru teknar á æfingu í vikunni.

sj



**FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700
www.fmis.is

CERTIFIED
SUSTAINABLE
SEAFOOD
MSC
www.msc.org

Framúrskarandi
fyrirtæki

Leikskóli Snæfellsbæjar auglýsir eftir leikskólakennara og matráð á Kriuból

Nánari upplýsingar um störfín veita Hermína K. Lárusdóttir, leikskólastjóri,
og Linda Rut Svansdóttir, aðstoðarleikskólastjóri, í síma 433 - 6926
á milli kl. 9:00 - 14:00 alla virka daga eða á netfanginu leikskolar@snb.is.

Leikskóli Snæfellsbæjar auglýsir eftir leikskólakennara í 100% starf.

Menntunar- og hæfniskröfur:

Leyfisbréf kennara, lög nr. 95/2019 og/eða
Leikskólakennararéttindi

Viðkomandi þarf að búa yfir:

Góðri íslenskukunnáttu
Áhuga, reynslu og hæfni í starfi með börnum
Góðum samskiptahæfileikum
Jákvæðni, frumkvæði og góðum samstarfsvilja
Góðri færni í mannlegum samskiptum
Sjálfstæðum og skipulögðum vinnubrögðum
Hreinu sakavottorði

Athygli er vakin á því að starfið hentar öllum kynjum. Launakjör eru samkvæmt
kjarasamningi Félags leikskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fáist ekki menntaður leikskólakennari eða einstaklingur með aðra uppeldismenntun
og/eða reynslu kemur til greina að ráða leiðbeinanda. Leikskólastjóri áskilur sér rétt
að ráða hvern sem er af umsækjendum eða hafna öllum umsóknum.

Umsóknarfrestur er til og með 27. janúar 2023.
Um 100% starf er að ræða.

Leikskóli Snæfellsbæjar auglýsir eftir matráð í 75% starf.

Hæfniskröfur:

Þekking og meðvitund um næringargildi og hollustu í matargerð
Þekking og meðvitund um bráðaofnæmi og ofnæmi/fæðuþörl
Hreinlæti og snyrtimennska
Frumkvæði, sveigjanleiki og samstarfsvilji
Lipurð og færni í samskiptum
Menntun á sviði matreiðslu og reynsla af sambærilegu starfi kostur

Helstu verkefni:

Ber ábyrgð á matseld, innkaupum, stjórnun, skipulagningu
og framkvæmd starfs í eldhúsinu
Sér um innkaup og pantanir á matvöru
Frágangur og þrif auk annarra tilfallandi verkefni

Athygli er vakin á því að starfið hentar öllum kynjum. Launakjör eru samkvæmt
kjarasamningum Kjalara og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 8. febrúar 2023.
Um 75% starf er að ræða.

Staðan er laus frá 17. mars 2023, umsækjandi þarf að geta hafið störf 1. mars.
Vinnutími matráðs er frá kl. 8:00 - 14:00 alla virka daga.

Borgað þegar hent er

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og Húsnæðis og mannvirkjastofnun hafa í samstarfi við Sambandi íslenskra sveitarfélaga farið af stað með innleiðingarkerfni með því

markmiði að innleiða kerfi til innheimtu vegna meðhöndlunar úrgangs. Kerfið kallast Borgað þegar hent er. Verkefnið snýst um að innheimt verði eftir rúmmáli og gerð úrgangs. Rekstur grennd-

ar-, söfnunar- og móttökustöðva verður áfram með fast gjald. Fyrir hvert ílát verður innheimt í gegnum Álagningarkerfi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Það eru fjórtán sveitarfélög sem eru þátttakendur í verkefninu en öllum sveitarfélögum bauðst að taka þátt. Grundarfjarðarbær er eitt þeirra sveitarfélaga sem tekur þátt í verkefninu.

Lagabreytingar tóku gildi um áramótin um sorphirslu en í þeim felst að sveitarfélögum ber skilda

að innheimta verð sem næst raunkostnaði fyrir meðhöndlun úrgangs. Auk þess skal takmarka fast gjald við 50% til ársins 2025 og 25% eftir það. Vegna þessara lagabreytinga þurfa flest sveitarfélög að aðlaga gjaldskrár sínar og innheimtakerfi. Þetta verkefni er tilraun til að færa innheimtu frá föstu gjaldi og að útbúa kerfi sem sniðid er að magni og tegund úrgangs sem hver og einn lætur frá sér.

jj



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

f Jökull Bæjarblað
@ steinprent@simnet.is
☎ 436 1617



Gjaldskrá

vegna félagsheimilisins Klifs 2023

a) Dansleikur (stóri salur og kaffisalur - án STEF gjalda)		105.000
~ húsaleiga	kr.	65.000
~ þrif á húsinu	kr.	40.000
ATHUGA - leigutaki greiðir fyrir þá dyraverði sem þarf að hafa skv. reglum hússins		
ATHUGA - STEFgjöld eru greidd af leigutaka - reiknuð skv. Gjaldskrá STEF hverju sinni		
b) Helgarleiga - allt húsið (föstudagur - sunnudags) - t.d. ættarn kr.		140.000
b) Veislur - stóri salur, kaffisalur, blái salur og eldhús	kr.	70.000
c) Veislur - stóri salurinn og eldhúsið	kr.	60.000
d) Veislur - kaffisalurinn og eldhúsið	kr.	30.000
e) Veislur - blái salurinn	kr.	20.000
f) Veislur - salurinn uppi	kr.	20.000
g) Veislur (liður e og f) - aðgangur að eldhúsi	kr.	10.000
h) Fundir - kaffisalur og stóri salur saman	kr.	50.000
i) Fundir - stóri salurinn	kr.	30.000
j) Fundir - kaffisalurinn	kr.	20.000
k) Fundir - blái salurinn	kr.	20.000
l) Fundir - salurinn uppi	kr.	20.000
m) Erfidrykkjur	kr.	30.000
n) Fundir félagasamtaka	kr.	4.000
o) Minniháttar samkomur á vegum félagasamtaka	kr.	20.000

~ þetta á við um fjáraflanir þar sem félagasamtökin sjá sjálf um þrif, t.d. páskabingó, jólabingó, o.s.frv.
~ þetta á **EKKI** við um stærri viðburði eins og t.d. Sjómannadagshóf, þorrablót eða slíkt

- * Húsinu skal skilað hreinu, eins og tekið var við því, og allt á sínum stað.
- * Leigutaki sér sjálfur um uppsetningu og röðun á borðum og stólum og skal raða þeim upp aftur á þann hátt sem tekið var við þeim áður en húsinu er skilað (sjá teikningu í eldhúsi).
- * Þrif eru ekki innifalín í leiguverði, nema f. dansleiki, en hægt er að kaupa þrif skv. neðangreindri gjaldskrá:

~ Þrif á hliðarsölum (kaffisalur, blái salur, salur uppi)	kr.	25.000
~ Þrif á stóra salnum	kr.	40.000
- * Ef óskað er eftir því að nota ljósa- og/eða hljóðbúnað hússins, skal hafa samband við umsjónarmann sem útvegar fólk sem leigutaki greiðir fyrir skv. neðangreindri gjaldskrá:

~ Ljósa og hljóðmaður pr. klst.	kr.	10.000
---------------------------------	------------	---------------

ATHUGIÐ! Gjaldið er pr klst og greiðist skv. skiluðum tímum ljósa- og hljóðmanns!
- * Hægt er að fá umsjónarmann til að sjá um kaffi á fundum og skal það gert um leið og húsið er pantað - að öðrum kosti er ekki gert ráð fyrir því að húsið sjái um veitingar.
~ **Samið er um verð við umsjónarmann**
- * Ef tónlist er höfð í húsinu þarf að greiða STEF gjöld. Klif er ábyrgt fyrir greiðslu STEF gjalda og sér því um innheimtu á þeim hjá leigutaka.
Upphæð fer skv. gjaldskrá STEF hverju sinni og hægt er að nálgast hana á heimasíðu STEF.

